

Samningur um ljósritun og hliðstæða eftirgerð verka til afnota í skólum

I. Aðild

1. gr.

Aðilar samnings þessa eru annars vegar mennta- og menningarmálaráðuneyti, í samningi þessum nefnt ráðuneytið, fyrir hönd samningshafa sbr. 3. mgr. og hins vegar Fjölís, hagsmunafélag samtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum er njóta höfundaréttarverndar sbr. 4. mgr. 26. gr. a í höfundalögum nr. 73/1972 með síðari breytingum.

Fjölís hefur sérstakt umboð frá erlendum systursamtökum sínum til að fara með réttindi, sem samningur þessi tekur til hér á landi. Öll erlend systursamtök Fjölíss njóta viðurkenningar í heimalandi sínu og starfa innan IFRRO (International Federation of Reproduction Rights Organizations).

Samningurinn nær til leik-, grunn-, tónlistar-, framhalds- og háskóla auk framhaldsfræðsluaðila sem reknir eru af ríki eða sveitarfélögum eða njóta viðurkenningar og stuðnings hins opinbera í starfi sínu sbr. 2. gr. samningsins.

II. Gildissvið og skilgreiningar

2. gr.

Samningurinn felur í sér heimild til ljósritunar og hliðstæðrar eftirgerðar verka sem njóta höfundaréttarverndar til afnota við kennslu, stjórnsýslu og rannsóknir í skólum.

Með hliðstæðri eftirgerð er átt við að gerð séu eitt eða fleiri afrit af verkinu í sama eða öðru formi og frumritið sbr. þó takmarkanir í 3. og 4. gr.

Samningurinn heimilar miðlun eintaka af stafrænu efni í gegnum kennsluvef (námsnet) skóla og stafræna dreifingu efnis til nemenda með tölvupósti eða vistun efnis í rafrænum gagnagrunnum skólanna þar sem það er aðgengilegt kennurum/nemendum/starfsfólki, sbr. þó almennar takmarkanir skv. 4. gr. þessa samnings.

Samningurinn nær ekki til afritunar verka vegna námskeiða sem skólar halda, ef innheimt eru námskeiðsgjöld sem standa að verulegu eða öllu leyti undir kostnaði við námskeiðin.

3. gr.

Samningur þessi tekur til útgefna verka sbr. 2. mgr. 3. gr. höfundalaga.

Með útgefna verki er átt við útgefna rit s.s. bækur, tímarit, dagblöð, nótnahefti, landakort o.þ.h. svo og listaverk, ljósmyndir, leiksviðsverk, skrár og töflur, enda njóti verkið verndar samkvæmt höfundalögum.

Samningurinn tekur ekki til hljóðrita, myndbanda og kvikmynda.

Samningurinn tekur til verka sem hafa einungis verið gefin út á rafrænu formi og Fjölís hefur heimild til að innheimta gjald fyrir.

H/3.



Hver einstakur höfundur getur lagt skriflegt bann við fjölföldun á eigin verki, sbr. 3. mgr. 26. gr. a höfundalaga nr 73/1972 og ber Fjölís þá jafnframt að tilkynna skólunum sem samningurinn nær til um þá ákvörðun.

4. gr.

Afritun samkvæmt samningi þessum er eingöngu heimil til viðbótar og fyllingar öðru efni svo og venjulegum bókum og að öðru leyti með þeim takmörkunum sem hér segir:

- a. Aðeins má afrita stutta þætti úr hverju útgefnu verki og 20% hið mesta, þó aldrei meira en 30 síður á nemanda. Þó má afrita heila bókarkafla og tímaritsgreinar.
- b. Takmarkanir í a. lið eiga ekki við um rit sem gefin eru út með reglulegu millibili, svo sem dagblöð, vikurit og önnur tímarit. Þó má ekki afrita fleiri en tvær greinar úr hverju tímariti nema til þess komi sérstakar aðstæður, t.d. ef viðkomandi tímarit er ekki fáanlegt á almennum markaði eða að aflað hafi verið sérstakrar heimildar frá Fjölís.
- c. Fyrir hverja bekkjardeild/námshóp/námskeið má aðeins afrita, sem nemur einu eintaki á hvern nemanda á kennsluönn, auk nauðsynlegra eintaka fyrir kennarara.
- d. Ljósritun á pappír er aðeins heimil til bráðabirgðanota og því ekki til geymslu í birgðum hjá skólanum.
- e. Samningurinn heimilar ekki afritun sem talist getur útgáfa og gera skal útgáfusamning um. Afritun efnis til dreifingar meðal almennings telst útgáfa og er því ekki leyfileg.
- f. Aðgangur að efni sem sett er inn á rafrænan gagnagrunn skv. þessum samningi skal vera takmarkaður við nemendur og kennara þess námskeiðs sem efnið er kennt í.
- g. Afrit umfram framangreint skal aðeins gera að fenginni heimild réttthafa.

5. gr.

Með afritaðri síðu samkvæmt a. lið 4. gr. í samningi þessum er átt við síðu afrits af stærðinni A4. Séu síður af annarri stærð reiknast stærð þeirra hlutfallslega miðað við A4.

Hver nótnablaðsíða jafngildir samkvæmt samningi þessum fimm blaðsíðum, hver dagblaðssíða þremur blaðsíðum, hver ljóðasíða þremur blaðsíðum og hver síða leiksviðsverks tveimur blaðsíðum.

Ef texti fylgir nótum á sömu síðu telst textinn vera á annarri síðu en nótturnar.

Sama gildir um mynd, teikningu eða uppdrátt með skýringartexta.

6. gr.

Samkvæmt 13. gr. skulu samningshafar beina því til aðila sem samningurinn nær til að virða eftirfarandi:

Eftirfarandi áminning um höfundarétt skal fylgja hverju verki sem afritað er og/eða dreift skv. samningi þessum.

„Um verk þetta gilda reglur höfundalaga nr. 73/1972 með síðari breytingum. Óheimilt er að afrita verkið eða dreifa því utan þeirra heimilda sem höfundalög og samningur um afritun veita. Þá er einnig óheimilt að breyta verkinu á nokkurn hátt.“

Á afritinu og/eða við dreifingu þess skulu fylgja upplýsingar um titil verka og höfund þeirra. Einnig nöfn útgefenda, útgáfustað, útgáfuár og blaðsíðunúmer vegna afrita sem tekin eru úr bókum og árgang tímarits, númer tölublaðs og dagsetningu vegna afrita úr tímaritum.

H/S.B.

 R. Rasmussen

III. Endurgjald til Fjölís

7. gr.

Samkomulag er um að ríkissjóður greiði til Fjölís vegna samnings þessa 107,0 milljónir króna árið 2016. Sama fjárhæð, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga líkt og gildir um almenn rekstrargjöld í fjárlögum verður greidd árin 2017 og 2018.

Fjárhæðir í samningnum eru settar fram með fyrirvara um fjárveitingar á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum. Komi til lækkunar á fjárveitingu til verkefnisins vegna breytinga á fjárheimildum í fjárlögum skulu aðilar taka upp viðræður og leitast við að finna lausn á þeirri stöðu. Takist ekki samkomulag hefur Fjölís rétt til að segja samningnum upp sbr. 8. gr.

IV. Gildistími o.fl.

8. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2018.

Samningurinn tekur við af samningi um stafræna eintakagerð í háskólum dags. 23. júní 2008; samningi um ljósritun og hliðstæða eftirgerð í skólum dags. 20. febrúar 2001 og öllum samningum sveitarfélaga og tónlistarskóla um ljósritun og hliðstæða eftirgerð í tónlistarskólum og leikskólum.

Uppsögn samnings þessa skal berast hinum aðilanum með sex mánaða fyrirvara.

Samningsaðilar ákveða fyrir lok þessa þriggja ára tímabils hvort gerð verður breyting á samningnum eða hann endurnýjaður óbreyttur.

9. gr.

Eftir 1. janúar 2018 getur hvor aðili um sig krafist þess að fram fari könnun á afritun í skólum á öllum skólastigum. Könnunin taki til skipulagningar, gagnasöfnunar, flokkunar í verndað og óverndað efni og efnisflokkunar þ.m.t. eftir uppruna og löndum.

Aðilar skulu koma sér saman um umfang og verklýsingu fyrir könnunina eftir að hafa notið sérfræðiaðstoðar trúnaðarmanna sinna þar um. Aðilar skulu síðan velja sér aðila til að framkvæma könnunina og gera við hann samning um framkvæmdina og kostnað af henni.

Ráðuneytið greiði 50% kostnaðar við könnunina og Fjölís 50%.

Samningsaðilum er heimilt að semja við notendur skv. samningunum um samstarf við gerð kannana til eigin nota.

VI. Gjald dagar

11. gr.

Gjald dagi þóknunar fyrir hvert ár er 15. mars ár hvert.

Eindagi er 30 dögum seinna. Verði dráttur á greiðslu fram yfir eindaga skal greiða dráttarvexti skv. 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, af þeirri fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags.

VII. Utanaðkomandi kröfur

12. gr.

Fjölís ábyrgist allar kröfur, sem kunna að koma frá handhöfum höfundarréttar, eða höfundarréttarsamtökum, sem standa utan Fjölís og réttmætt tilkall eiga til greiðslu fyrir

H/18.  D/18

afritun verndaðra verka í skólum. Fjölís skal ávaxta varasjóð sem stofnaður var skv. eldri samningi og tryggja að varasjóðurinn nemi aldrei lægri fjárhæð en 3 milljónum króna.

VIII. Kynning

13. gr.

Samningsaðilar munu hafa samstarf um að kynna efni samnings þessa, þeim aðilum sem samningurinn nær til, þ.e. þá þætti hans sem lúta að heimildum til afritunar og dreifingar. Ráðuneytið skuldbindur sig þannig til að birta helstu reglur samningsins á heimasíðu sinni. Að sama skapi skuldbindur Fjölís sig til að hafa kynningarefni um innihald samningsins aðgengilegt á heimasíðu sinni og eftir atvikum ráðast í sérstakt kynningarátak.

IX. Úrlausn ágreinings

14. gr.

Rísi ágreiningur um gildi, túlkun og framkvæmd á samningi þessum skulu aðilar leitast við að leysa ágreiningsefni með samkomulagi. Takist ekki að leysa ágreininginn skal vísa honum til Héraðsdóms Reykjavíkur.


15. gr.


Allar tilkynningar milli aðila samkvæmt samningi þessum skulu sendar með sannanlegum hætti. Viðtakendur tilkynninga eru:

- A. Fjölís, Aðalstræti 6. 5. hæð, 101 Reykjavík. fjolis@fjolis.is
- B. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Sölvhólsögötu 4, 150 Reykjavík, postur@mrn.is


Samningur þessi er gerður með fyrirvara um staðfestingu fjármála- og efnahagsráðherra.

Reykjavík, 17. október 2016


Illugi Gunnarsson,
mennta- og menningarmálaráðherra


Halldór Birgisson, formaður Fjölís

Samþykki veitt sbr. 1. mgr. 40. gr. laga
nr. 123/2015


Bjarni Benediktsson
fjármála- og efnahagsráðherra

Vottar:

